

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
b.t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavíkflugvelli, 21. apríl 2017

Efni: Fjármálaáætlun 2018 til 2022 og skattahækkunir á ferðaþjónustuna

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2018 til 2022 eru boðaðar umtalsverðar breytingar á rekstrarumhverfi ferðaþjónustufyrirtækja á Íslandi. Einkum ber að nefna miklar skattahækkunir á nær allar greinar ferðaþjónustunnar sem hafa verið í neðra þrepi af tveimur þrepum virðisaukaskattkerfisins. Flugfélag Íslands vísar til og tekur undir athugasemdir sem hafa komið fram í umsögn Icelandair Group, en telur rétt að koma að athugasemdum sem snúa sérstaklega að starfsemi þess.

Fyrirhugaðar skattahækkunir munu ekki hafa bein áhrif á verð á innanlandsflugi. Engu að síður snerta þær hagsmuni Flugfélags Íslands, einkum vegna áhrifa sem þær munu hafa á aðsókn ferðamanna í gistingu og afþreyingu utan höfuðborgarsvæðisins og á dreifingu ferðamanna yfir árið. Flugfélag Íslands hefur því mikla hagsmuni af því að ekki sé gripið til aðgerða sem hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna almennt og samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar.

Setur flug á milli Keflavíkur og Akureyrar í uppnám

Flugfélag Íslands tók nýverið upp flug á milli Keflavíkurflugvallar og Akureyrar í tilraunaskyni. Þessari nýjung hefur verið vel tekið. Tilgangur verkefnisins er tvíþættur: Í fyrsta lagi að dreifa ferðamönnum á aðra staði en á og við höfuðborgarsvæðið og beina þeim í auknum mæli út á landsbyggðina. Systurfélög Flugfélags Íslands hafa enda verið framarlega í uppbyggingu í ferðaþjónustu úti á landi og beint umtalsverðum fjárfestingum á landsbyggðina.

Í öðru lagi er markmiðið að bæta þjónustu Flugfélags Íslands við Norðlendinga, sem geta þá stýtt ferðatíma sinn til útlanda og átt þægilegra ferðalag en ella. Viðtökurnar hafa verið góðar, ekki hvað síst meðal ferðamanna sem fara þá beint úr millilandaflugi norður til Akureyrar og þaðan víðar um landið.

Flugfélag Íslands lýsir aftur á móti þungum áhyggjum yfir því að áformaðar skattahækkunir geti kippt rekstrarforsendum undan flugleiðinni. Félagið bendir á að um nýjung er að ræða en erlendir notendur hennar eru að stærstum hluta þeir sem hafa keypt lengri ferðir, margir hverjir utan háannatíma. Sá notendahópur er sérstaklega viðkvæmur fyrir verðhækkunum.

Flugfélag Íslands telur líklegt að skattahækkarnir muni annað hvort beina þessum hópi í auknum mæli að höfuðborgarsvæðinu eða þá til samkeppnislanda, en í báðum tilfellum er um neikvæða þróun að ræða fyrir Flugfélag Íslands og ferðaþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins. Í ljósi framangreinds telur Flugfélag Íslands boðaðar skattahækkarnir auka líkur á því að ekki verði hægt að bjóða upp á flugleið á milli Keflavíkur og Akureyrar til frambúðar, sérstaklega í ljósi þess að aðrar ytri forsendur hafa breyst til verri vegar.

Röng og skaðleg stefna að nýta ekki innviði og fjárfestingu landsbyggðarinnar betur

Meðalfjöldi gistingu erlendra ferðamanna hefur dregist saman upp á síðkastið, sé miðað við tölur Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands. Er þar líklega um nokkra samverkandi þætti að ræða, en ekki hvað síst óhagstæð ytri skilyrði vegna launahækkana og gengisþróunar.

Líkt og kemur fram í umsögnum Icelandair og Icelandair Hotels er hætt við því að sú þróun muni leiða til þess að aðsókn ferðamanna út á landsbyggðina og utan háannatíma muni dragast saman. Flugfélag Íslands telur ekki á þessa þróun bætandi með skattahækkunum, enda kemur það sér afar illa fyrir félagið ef enn frekari samdráttur verður í þessari aðsókn.

Félagið telur að hér sé verið að taka ranga og skaðlega stefnu, enda eru fjárfestingar á landsbyggðinni og innviðir mun betur í stakk búnir til þess að taka við auknum fjölda heldur en á helstu ferðamannastöðum í og við höfuðborgarsvæðið.

Að teknu tilliti til þess sem að framan greinir og hefur komið fram í umsögn Icelandair Group og annarra systurfélaga Flugfélags Íslands lýsir félagið yfir harðri andstöðu við boðaðar skattahækkarnir. Það skal tekið fram að félagið styður áform um lækkun efra þreps virðisaukaskatts. Flugfélag Íslands óskar eftir því að fá að koma á fund fjárlaganefndar við meðferð málsins til þess að skýra sjónarmið sín fyrir nefndarmönnum.

Virðingarfyllt,
F.h. Flugfélags Íslands

Árni Gunnarsson,
framkvæmdastjóri